

JÓLAFÖT

FÖSTUDAGUR 18. NÓVEMBER 2011

Kynningarblað

Kjólar
Yfirhafnir
Fylgihlutir
Skart
Góð þjónusta
Sanngjarnt verð



Ad sögn Jónu Lár er Soho Market tiskuvöruverslun sem sérhæfir sig í sölu á fatnaði fyrir konur á öllum aldri, fylgihlutum og tækifærisgjöfum.



Fjölbreytt vöruúrval kemur mörgum á óvart.

GOTT VERÐ



Brjóstahaldarar

Svokallaðir „2 size up“ brjóstahaldarar hafa notið mikilla vinsælda í Soho Market að undanförunu, en þeir kosta aðeins 1.990 krónur.

Gott aðhald

Aðhaldsfatnaður hefur verið vinsæll; blúnduaðhaldsbolir á **3.450 krónur**, aðhaldsbuxur sem minnka ummálið um eina og hálfra stærð á 2.990 krónur, heilir gallar 3.990. Líka má nefna buxur með rassfyllingu á 2.990 krónur.



Armbönd

Einföld stálarmbönd með sirkonsteinum hafa einnig verið eftirsótt en þau fást einföld, tvöföld, þreföld og fjórföld, á verðbilinu **1.990** og upp í **4.990 krónur**.

Bolir

Blúndubolir hafa slegið í gegn enda á aðeins **2.990 krónur**.

Jóga- og íþróttafatnaður

Loks má nefna jóga- og íþróttafatnað: Jógabuxur frá **2.690-2.990 krónur**. Íþróttatoppar frá **1.250-1.450 krónur**. Langermabolir á **1.990 krónur** og alls kyns gerðir af bolum; hlýrabolir, afabolir og teygjutoppar.

Soho Market kemur úr felum

Soho Market á Grensásvegi 8 er tiskuvöruverslun sem sérhæfir sig í sölu á fatnaði og fylgihlutum fyrir konur á öllum aldri. Í versluninni er áhersla lögð á fjölbreytt vöruúrval, sanngjarnt verð, persónulegt viðmót og úrvals þjónustu.

Víð erum með alveg ótrúlega breitt og vandað vöruúrval á góðu verði og leggjum áherslu á persónulega þjónustu. Því er kannski ekki skrítið að hópur fastakúnna fari ört stækandi. Svo er líka altalað hversu skemmtilegt er að kíkja í heimsókn,“ segir Jóna Lárusdóttir, betur þekkt sem Jóna Lár, létt í bragði um verslun sína Soho Market á Grensásvegi 8 sem hefur verið rekin við góðar undirtektir í þrjú ár.

Ad sögn Jónu er Soho Market tiskuvöruverslun sem sérhæfir sig í sölu á fatnaði fyrir konur á öllum aldri, jafnt stórar sem smáar, og fylgihlutum. Verslunin var upphaflega til húsa á Grensásvegi 16

en vegna sívaxandi aðsóknar sá Jóna sér ekki annað fært en að flytja hana í stærra rými. Fyrir valinu varð Grensásvegur 8 sem hún segir í alla staði hentugra húsnæði.

„Fyrir utan að það er stærra og bjartara þá eru viðskiptavinir okkur þakklátir fyrir betra aðgengi; hér eru bílastæði beint fyrir framan og aftan húsnæðið og strætóstoppistöð fyrir utan. Að sama skapi segjast margir ekki hafa vitað áður af versluninni sem sést nú betur frá götunni og voru miður sín yfir að hafa ekki vitað af okkur þar sem við vorum inni í porti. Þetta hafi verið best geymda leyndarmálið á Grensásvegi. Þannig kom Soho Market úr

felum,“ segir Jóna hlæjandi og getur þess að eins njóti vörunar sín betur í nýja húsnæðinu.

Jóna segir heiti búðarinnar hafa valdið vissum misskilningi gegnum tíðina. Margir telji að um einhvers konar markað sé að ræða en reyndin sé sú að heitið vísi í Soho í London og New York sem flestar konur þekki af góðu. „Þangað förum við konur oft til dæmis ef við ætlum að kaupa okkur það nýjasta í skarti, töskum og fatnaði. Í takt við það selur Soho Market allt það nýjasta frá Bandaríkjunum, kjóla, yfirhafnir, boli, peysur, leggings, aðhalds- og undirfatnað, töskur og skart,“ bendir hún á og bætir

við að eins fáist í búðinni tækifærisgjafir, svo sem tertuspaðar, snyrtivörur og fleira. „Þannig að við erum kannski ekki alveg dæmigerð tiskuvöruverslun.“

Þá segir Jóna gott vöruverð ekki skemma fyrir. „Konur, sem hafa verið að versla erlendis, kemur mjög á óvart að hér eru vörunar á sama verði eða ódýrari,“ segir hún.

Soho Market er opið virka daga klukkan 12-18, til 19 á föstudögum og 12-17 á laugardögum. Jóna segir fyrirtæki og hópa velkomna í heimsókn á kvöldin, hægt sé að hringja í 553-7300 og panta tíma en undanfarið hafi margir vinkonuhópar nýtt sér það og gert sér glaðan dag.

SOHO MARKET

PEYSUDAGAR Í SOHO 20% afsláttur



Verð
8.990-
7.192



Verð
7.990-
6.392
belti 2.990



Verð
10.990
8.792



Verð
7.990-
6.392
belti 2.990



Verð
7.990-
6.392



Verð
8.990-
7.192
belti 2.990



Verð
8.690-
6.952



Verð
9.990-
7.992

Grensásvegur 8 | Sími 553 7300 | Opíð mán-fös 12-18, laugard 12-17

SOHO/MARKET Á FACEBOOK



SOHO MARKET

Kynþokkafull loðvesti og leður

Hátískan er einstök og hana er ekki langt að sækja. Á annarri hæð Smáralindar í versluninni Orginal liggur hún í hillum og hangir á slám og bíður viðskiptavina. Sara Kristín Sigurkarlsdóttir er verslunarstjóri Orginal og veit hvað ber hæst í dömu- og herrafatnaði í vetur.

Tískan í vetur er mjög skemmtileg, bæði fyrir konur og karlmenn. Hún er dálítið sigild en samt mjög kynþokkafull,“ segir Sara Kristín Sigurkarlsdóttir, verslunarstjóri Orginal í Smáralind. „Kanínuvesti og önnur loðvesti koma heit inn í dömutískuna og svo er það leðrið sem er ríkjandi. Leðrið kemur í buxum, stuttbuxum og pilsaum og oft er fatnaður skreyttur með leðurbotum eins og til dæmis á peysum. Gull- og silfurlitir eru alltaf dálítið áberandi fyrir jólin, bæði í bolum, peysum og kjólum og eins blúndur. Þá hafa gagnsæ efni hafa verið vinsæl og siffon í bolum og skyrtum. Sökkabuxur hafa slegið í gegn í vetur, í öllum regnbogans litum,“ segir Sara, sem lýsir tískunni sem töff en klæðilegri. „Loðvesti spila á móti efnisminni flíkum sem og leðrið. Það er einnig pínulíttill rokkbragr á tískunni í vetur.“

Slaufukarlar

Karlmennirnir verða ekki út undan í Orginal. „Það eru ýmsar nýjungar hjá þeim líka þótt tískan taki sjaldan eins miklum kúvendingum hjá þeim og hjá konunum. Slaufurnar eru að ryðja bindunum úr vegi, svona hægt og rólega,“ segir Sara og brosir. „Kaðlapeysur eru mjög vinsælar, sem og peysur með olnbogabót, hvort sem hún er úr leðri eða



„Hún er dálítið sigild en samt mjög kynþokkafull,“ segir Sara Kristín Sigurkarlsdóttir, verslunarstjóri Orginal, um dömu- og herratískuna í vetur. Að hennar sögn eru loðvesti og leður á meðal þess sem er að koma sterkt inn.

rúskinni. Brúni liturinn sem hefur verið áberandi verður það áfram í vetur en sá mosagræni hefur einnig verið að koma sterkur inn. Skyrturnar eru í þessum litatónum og fleiri. Skórarnir eru uppháir og reimaðir, sem er mjög töff við þessa tísku.

En hvað varðar jakkaföt þá er meira um klæðilega blazerjakka og snyrtilega skó við. Og svona í lokin þá er rétt að nefna að við erum nýbúin að taka Blendmerkið vinsæla inn.“



SIX hefur hlotið góðar viðtökur, en búðirnar eru hluti af þýskri keðju sem sérhæfir sig meðal annars í sölu tískufylgihluta.

MYNDVILHELM



Vöruúrvalið er fjölbreytt og verðið gott.

Skart og fylgihlutir við öll tækifæri

Verslunin SIX opnaði á dögnum sína aðra verslun á annarri hæð í Kringlunni. Áður hafði SIX opnað í fyrri á fyrstu hæð í Smáralind, en búðirnar eru hluti af þýskri keðju sem er með 400 verslanir í 26 löndum. SIX er eitt mest vaxandi fyrirtæki í sölu tískufylgihluta í heiminum í dag.

Verslunin SIX hefur mikið aðdráttarafl, enda afskaplega skemmtileg skartgripaverslun fyrir ungar konur og karla auk þess sem hún býður upp á ýmsa skemmtilega fylgihluti. „Við höfum fengið gríðarlega góðar viðtökur enda bjóðum við upp á gott vöruúrval á góðu verði,“ segir Laufey Stefánsdóttir, eigandi verslananna. „SIX er með tiskuskartgripi fyrir öll tækifæri, hálsmen, eyrnalokka og armbönd

sem henta við ýmis tækifæri. Við erum bæði með í finni kantinum og eins grófari. Í vetur hefur mikið verið um gróf hálsmen sem passa til dæmis við grófar peysur og svo armbönd sem höfð eru nokkur á úlnliðnum og gjarnan litrík eins og karrígul og fjólublá. Þá hafa tískuúrinn okkar verið geysilega vinsæl en þau eru vafin þannig að ólin fari í tvo hringi kringum úlnliðinn, eins og armband.“

Laufey segir margt af því sem

fæst í SIX tilvalið í jólapakkann. „Bæði er um skemmtilegar vörur að ræða og gott verð. Við erum til dæmis með skartgripatré í þremur litum, í svörtu, hvítu og gylltu, á aðeins 1.595 krónur. Þá má nefna aðra góða gjöf sem er þrjár eyrnalokkar á spjaldi á aðeins 795 krónur, bara svo eitthvað sé nefnt,“ segir hún og brosir. Laufey segir skartgripina í versluninni ekki síður fyrir karlmenn. „Þeir kaupa helst silfurskart og leður og hafa

mjög ákveðnar skoðanir á því sem þeir vilja; meðal þess eru hálsmen, armbönd, hringir og eyrnalokkar.“

Þá má ekki gleyma öðrum fylgihlutum í versluninni eins og húfum, treflum, treflahringjum og fleiru. „Þar er mikið um jarðliti og ferskju en fyrir jólin er líka að finna dálítið af pallíettum. Þessir fylgihlutir eru líka tilvaldir í jólapakkann.“





Ása segir að nú þegar hátíðin nálgast fái Tuzzi reglulega nýjar sendingar af fallegum kjólum og öðrum sparifatnaði.

MYND/GVA

Töff fatnaður og klæðileg snið

Verzlunin Tuzzi opnaði í Kringlunni í apríl 2010 og hefur vakið mikla athygli fyrir frábærar buxur og flotta skó!

Tuzzi-merkið sjálf er þýskt en auk þess má finna úrval af vörum frá öðrum dönskum og þýskum framleiðendum. Má þar helst nefna Dranella-merkið sem hefur rækilega slegið í gegn. Þeir eru með frábær buxnasnið úr góðum efnum," segir Ása Björk Antoníusdóttir framkvæmdastjóri.

„Við erum með fatastærðir frá 34-46 og leggjum áherslu á kvenleg og klæðileg snið en jafnframt fatnað sem fylgir nýjustu tískustraumum. Í vetur hefur leður og loðskinn verið

áberandi. Loðskinnsvesti hafa verið mjög vinsæl og verða eflaust vinsæl jólagjöf. Kamelbrúni liturinn hefur verið áberandi og dýramynstur eiga upp á pallborðið.“

Ása segir að nú þegar hátíðin nálgast fái Tuzzi líka reglulega nýjar sendingar af fallegum kjólum og öðrum sparifatnaði.

„Þá hafa klútar verið vinsælir og eru sniðugir í jólapakkann en nýr klútur getur gert mikið fyrir eldri flíkur og breytt heildarsvinnu mikið.“



Tuzzi var opnuð í Kringlunni í fyrra.



Úrvalið er mikið í versluninni Hjá Hrafnhildi, Engjateigi 5, enda sinnir verslunin breiðum hópi kvenna á öllum aldri.

MYND/GVA



Fallegir hátíðarkjólar og bólerójakkar úr leðri

Verzlunin Hjá Hrafnhildi er með gríðarlega breitt úrval af vönduðum og klassískum sparifatnaði frá þekktum þýskum og dönskum vörumerkjum.

Við erum með fatnað í stærðum 36-52 og leggjum mikið upp úr góðri og einlægri þjónustu. Hjá Hrafnhildi bjóðum við upp á vandaða sparískó frá austurríska framleiðandanum Högl. Þetta eru klassískir og sérlega þægilegir leðurskór með stöðugum hæl. Kjólarnir eru vinsælir þegar hátíðarnar ganga í garð. Úrvalið er mikið, enda sinnum við breiðum hópi kvenna á öllum aldri," segir Ása Björk Antoníus-

dóttir, framkvæmdastjóri Hjá Hrafnhildi. Hún getur þess að perlor, pallíttur og steinar séu áberandi í kringum jólin.

„Í vetur höfum við verið með mikið af fallegum bólerójökkum í ýmsum útfærslum, efnum og litum, svo sem silki og leðri. Bólerójakkarnir fara vel við ermalaus kjóla og er fín lausn fyrir þær konur sem ekki vilja vera berhandleggja," segir Ása.

„Eins eigum við margar gerðir af þunnum gegnsæjum bolum sem henta vel undir ermalaus fatnað, en slíkur bolur er góður grunnur í fataskápinn. Fyrir þær konur sem vilja síður klæðast kjól erum við með annan hátíðarfatnað í úrvali. Þess má geta að peysurnar okkar hafa verið vinsæl jólagjöf í gegnum árin," segir hún.



Í búðinni fæst vandaður og klassískur sparifatnaður frá þekktum þýskum og dönskum vörumerkjum.



STJARNA EINS OG TAYLOR

Ef maður er í vandræðum með velja jólakjólinn er kjörið að finna vefsíður með myndum af gömlum Hollywood-stjörnum og skoða stíl þeirra. Tíska sjötta áratugarins nýtur mikilla vinsælda um þessar mundir og fáar konur skutu Elizabeth Taylor ref fyrir rass í klæðaburði á þeim tíma. Hér er hún í jólamyndatöku fyrir tímaritið Life upp úr 1950 og allar konur ættu að verða stjórnur um jólin í svona kjól eða öðrum álíka. Myndina og aðrar í svipuðum dúr er að finna á vefsíðunni life.com.



NÝ SNYRTIMENNSKA

Snemma á nítjándu öldinni kom breski spjátrungurinn Beau Brummell fram með alveg nýjan stíl í klæðaburði sem fljótlega náði vinsældum hjá öðrum spjátrungum um alla Evrópu. Klæðnaðurinn samanstóð af velsniðnum jakka við buxur og vesti úr sama efni og fagurlega bundið hálstau setti punktin yfir i-ið. Fötin voru í dökkum litum og voru mikil breyting frá þeim skrautlega fatnaði sem tískan hafði krafist fram að því. Jakkafötin voru komin fram á sjónarsviðið og hafa lifað góðu lífi síðan.

Þess má geta að Brummell kom einnig fram með fleiri tísku-nýjungar sem þóttu byltingarkenndar á þeim tíma, til dæmis þá kröfu að til að teljast snyrtilegir þyrftu karlmenn að baða sig reglulega í heitu vatni.

RÉTTU SOKKARNIR VIÐ JAKKAFÖTIN

Sérstakar reglur gilda þegar þöruð eru saman jakkaföt og sokkar. Meginreglan er sú að sokkarnir eiga að passa við jakkafötin en ekki skóna. Þannig á að vera í dökkbláum sokkum við dökkblá jakkaföt þó að skórnir séu svartir. Með þessu virðist fóturinn lengri auk þess sem minna ber á því ef buxurnar eru aðeins of stuttar.

Sokkarnir þurfa þó ekki alltaf að vera alveg eins og buxurnar. Þeir mega líka vera örlítið dekkri en þær. Ef valdir eru mynstraðir sokkar ætti grunnlitur þeirra að passa við litinn á jakkafötunum. Ef ekki reynist mögulegt að finna sokka sem passa við lit jakkafatanna ætti að miða við að hafa þá í sama lit og skóna.

Ljósir sokkar eru í lagi við ljós jakkaföt en eru algert tabú við dekkri jakkaföt. Ekki þarf að taka fram að hvítir sportsokkar eru hreint og beint bannaðir við allar gerðir jakkafata.

Ekki er gott að vera í of lágum sokkum. Helst ættu þeir að ná upp á miðja kálfa ef ekki bara upp að hnésbótum. Þannig myndast ekki óþægilegt gap þegar buxaskálmin kippist upp þegar setið er.



NÝTT VISATÍMABIL



BARNADAGAR 20% AFSLÁTTUR

af öllum leikföngum

...barnafatnaði ...barnaskóm

17. - 20. nóvember

20%
AFSLÁTTUR
af öllum
barnafatnaði

20%
AFSLÁTTUR
af öllum
leikföngum



tilboð
2.990,-
fullt verð 3.490,-



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð